

Þekking og færni – Virðing og vellíðan

Innra mat Dalvíkurskóla 2019 - 2020



Friðrik Arnarson skólastjóri
Dalvíkurskóli 2019- 2020



Efnisyfirlit

Inngangur	4
Nemendur	4
Starfsfólk Dalvíkurskóla	4
Helstu áherslur í skólanámskrá	4
Helstu verkefni skólaárið 2019 – 2020	5
Þróunar/stýrihópar skipaðir starfsfólki sem voru starfandi skólaárið 2019 - 2020:	6
Samantekt og ábendingar	7
Markmið og tilgangur mats á skólastarfi	9
Aðferðir og framkvæmd matsins	9
Niðurstöður innra mats og umbætur	11
Foreldrakönnun	11
Samantekt og ábendingar	14
Umbótaáætlun	14
Starfsmannakönnun	15
Samantekt og ábendingar	17
Umbótaáætlun	18
Skólapúlsinn	19
Virgni nemenda í skólanum	20
Líðan og heilsa.....	21



Skóla- og bekkjarandi	22
Samantekt og ábendingar	22
Umbótaáætlun	23
Samráðsdagar foreldra	24
Samantekt og ábendingar	24
Umbótaáætlun	25
Samræmd próf	25
Samantekt og ábendingar	25
Dreifing raðeinkunnar	26
Meðaltöl 2001 – 2019	27
Umbótaáætlun	28
Kennsluáætlanir	29
Samantekt og ábendingar	29
Umbótaáætlun	29
Kennsluhættir	29
Samantekt og ábendingar	30
Umbótaáætlun	30
Sér- og stuðningskennsla	30
Samantekt og ábendingar	31
Skólaþing	31
Samantekt og ábendingar	31
Umbótaáætlun	35



Matsdagur starfsfólks	35
Samantekt og ábendingar	36
Umbótaáætlun	36
Stöðluð lestarpróf sem tekin eru í 1.-10. bekk Dalvíkurskóla	37
Samantekt og ábendingar	37
Umbótaáætlun	39
Raddir nemenda	40
Samantekt og ábendingar	40
Umbótaáætlun	40
Starfsþróun kennara	40
Samantekt og ábendingar	41
Teymisfundir	41
Samantekt og ábendingar	41
Umbótaáætlun	42
Öryggisþættir	42
Starfsáætlun	43
Lokaorð	43



Inngangur

Samkvæmt upplýsingaskýldu um skólalög segir í Aðalnámskrá grunnskóla: Hver grunnskóli skal með með skipulegum hætti leggja mat á gæði skólafélags. Innra mat skal byggja á fjölbreyttum greiningargögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni og skal starfsfólk, foreldrar, nemendur og skólaráð taka þátt í því eftir því sem við á. Innra mat skólans á að birta á vef skólans þar sem hægt er að finna upplýsingar um matið. Innra mat skólans skal vera umbótamiðað og ná til helstu þátta skólafélagsins. Grunnskólar skulu birta á heimasíðu skólans upplýsingar um framkvæmd innra mats, helstu niðurstöður og leiðir til umbóta.

Nemendur

Dalvíkurskóli er heildstæður grunnskóli með nemendur í 1. – 10. bekk. Nemendur og annað starfsfólk vinna eftir grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og skólafélags Dalvíkurbyggðar. Skólinn vinnur einnig í anda skólasýnar Dalvíkurskóla þar sem einkunnarorð skólans eru: **Þekking og færni - virðing og vellíðan**. Einnig vinnur skólinn að gildum Fræðslusviðs Dalvíkurbyggðar sem eru: **Virðing, jákvæðni og metnaður**.

Starfsfólk Dalvíkurskóla

Starfsmenn Dalvíkurskóla eru 49 talsins í mismiklu starfshlutfalli. Skólafélagi er Friðrik Arnarson og deildarstjórnar eru Guðný Jóna Þorsteinsdóttir deildarstjóri eldra stigs og Katrín Fjóra Guðmundsdóttir deildarstjóri yngra stigs sem jafnframt er staðgengill skólafélags. Mynda þau þrjú stjórnunarteymi skólans. Einn verkefnastjóri er í sér- og stuðningskennslu við skólann og er það Gunnhildur Birnisdóttir. Kennarar við skólann eru 29 og starfsfólk í blönduðum störfum eru 20 í mismiklu starfshlutfalli.

Helstu áherslur í skólanámskrá

Dalvíkurskóli starfar samkvæmt Grunnskólalögum nr. 91/2008 og Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011. Einnig vinnur Dalvíkurskóli eftir Skólafélags Dalvíkurbyggðar sem var samþykkt í sveitastjórn árið 2014. Skólafélagi tekur mið af grunnþáttum menntunar og framtíðarsýn í menntun barna og unglinga. Grunnþættir menntunar er **læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun**. Allir hagsmunaaðilar komu að gerð stefnunnar sem var unnin í samvinnu við Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar.

Dalvíkurskóli leitast við að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum í því skyni að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Haustið 2014 var ákveðið að taka upp teymisvinnu í Dalvíkurskóla og markmiðið var að auka samvinnu og samþyrgð kennara og starfsfólks. Teymisvinna felst m.a. í að



kennarar velja í samvinnu þær leiðir í kennslu sem bestar þykja til að bæta námsárangur nemenda. Þróun teymiskennslu felst í því að koma á lærdómssamfélagi sem byggir á sameiginlegri ígrundun starfsfólks í daglegu starfi, þannig er fagvitund og starfsþróun eflað.

Dalvíkurskóli er Grænfánaskóli og þar með þátttakandi í alþjóðlegu verkefni en markmiðið er að auka umhverfismenntun nemenda í Dalvíkurskóla. Vegna Covid19 var tekin sú ákvörðun að fresta flöggun Grænfánans um eitt ár og er því stefnt að flagga honum í fimmta sinn skólaárið 2020-2021.

Dalvíkurskóli hefur unnið eftir Uppbyggingarstefnunni frá árinu 2011 en sú stefna er viðhöfð í öllum skólum Dalvíkurbyggðar. Stefnan hefur það að markmiði að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga. Í stað þess að stjórna nemendum með refsingu og sektarkennd fá nemendur tækifæri og þjálfun í að líta inn á við, skoða eigið gildismat og láta það stýra framkomu sinni og allri hegðun. Áhersla er á virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. Allir árgangar gera sjálfir bekkjarsáttmála um hegðun sem nemendur samþykkja að fara eftir. Starfsfólk Dalvíkurskóla gerði sér einnig starfsmannasáttmála sem hafður er að leiðarljósi í öllu starfi skólans.

Dalvíkurskóli leitast við að vera með fjölbreytt námsmat sem á að veita nemendum, foreldrum, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengni nemenda sem haft er að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms. Dalvíkurskóli metur lykilhæfni með markvissum hætti. Upplýsingar um námslega stöðu nemenda eru sendar heim eftir hverja námsönn, sem eru tvær yfir skólaárið.

Helstu verkefni skólaárið 2019 – 2020

- Bætt líðan nemenda. Skólinn fékk styrk úr Endurmenntunarsjóði til að fræða starfsfólk og foreldra um kvíða og bættu líðan nemenda. Haldnir voru tveir fundir með starfsfólki og einn með foreldrum í Bergi að hausti. Anna Sigríður Jökulsdóttir, sálfræðingur, var fengin til að sjá um fræðsluna.
- Fagráð var starfandi í Dalvíkurskóla í samvinnu við Fræðsluvið Dalvíkurbyggðar. Ráðið fundaði hálfsmánaðarlega og skráði fundargerðir. Fagráð ákvað í samráði við starfsfólk forgangsverkefni sem teymi skólans vinna að því að koma í framkvæmd. Fundir fagráðs urðu ekki eins margir og til stóð vegna Covid19 og einnig féllu fundir niður vegna óveðurs. Helsta verkefni fagráðs var að fjalla um hvernig hægt er að auka teymiskennslu í skólanum og breyta kennsluháttum sem miða við kenna meira í gegn um stærri verkefni sem ná yfir allar námsgreinar og endurspeglar betur markmið aðalnámskrár um hæfni.
- Unnið að innleiðingu á upplýsingakerfinu Mentor.
- Áfram var unnið að endurskoðun á námsmati og námsmatsáætlun skólans. Sú vinna varð önnur en áætlað var vegna Covid19 og ekki náðist að vinna eins mikið í innleiðingu hæfnikorta nemenda í Mentor eins og stefnt var að.



- Vinnubúðir í Byrjendalæsi voru skipulagðar í samráði við skóla á Eyjarfjarðarsvæðinu.
- Dalvíkurskóli vinnur samkvæmt *Þjóðarsáttmála um læsi* og að hausti hafa farið fram skipulagðir lestrarsprettir í öllum bekkjum skólans. Auk þess er heimalestri fylgt vel eftir af kennurum í öllum bekkjum. Hægt er að greina bættan árangur í lestri út frá lesfimerlum MMS.
- Áfram var unnið að því að þróa upplýsingatækni í skólastarfi og auka notkun á því námi. Dalvíkurskóli tekur m.a. þátt í samstarfi um eflingu upplýsingatækni á skólastarfi með fimm öðrum skólum í Eyjafirði og stóðu skólarnir fyrir menntabúðum í upplýsingatækni á skólaárinu 2019 – 2020. Vegna Covid19 féllu menntabúðirnar sem halda átti í Dalvíkurskóla niður en stefnt er að bæta það upp í haust. Þá sóttu fulltrúar skólans upplýsingatækniráðstefnu á Sauðárkróki í nóvember. Þá hlaut skólinn styrk til að efla kennara í forritunarkennslu á skólaárinu.
- Áfram var unnið markvisst eftir framkvæmdaáætlun í umhverfismálum í Dalvíkurskóla og stefnt að því að skólinn flaggi Grænfánanum í fimmta sinn vorið 2021.
- Áfram var unnið með teymisvinnu í skólastarfinu. Öll teymi hafa nú umsjón og utanumhald um tvo árganga, 1.-2. bekkur, 3.-4. bekkur, 5.-6. bekkur, 7.-8. bekkur og 9.-10. bekkur. Þá mun *Fagráð* skólans vinna með teymunum að innleiðingu starfshátta sem taldir eru vænlegir til árangurs. 5. júní var haldið námskeið undir stjórn Ingvars Sigurgeirssonar um teymiskennslu og hvernig hægt er að efla og bæta starfshætti og verður haldið áfram með þetta verkefni skólaárið 2020-21.
- Allir kennarar skila kennsluáætlunum fyrir skólaárið samkvæmt samræmdu eyðublaði. Einnig gera kennarar vikuáætlanir sem eru aðgengilegar á vinnusvæði þeirra.
- Unnið var eftir umbótaáætlun í kjölfarið á innra matsskýrslu Dalvíkurskóla.
- Samstarf var áfram við Tónlistarskólann á Tröllaskaga sem sér um tónmenntakennslu í skólanum.
- Unnið var áfram að því að styrkja kennara í kennslu í stærðfræði á yngsta- og miðstigi.
- Þróunarverkefnið „*Gerum gott betra*“, sem styrkt var af Sprotasjóði, var unnið í samstarfi við tvo aðra skóla á Eyjarfjarðarsvæðinu. Er það verkefni til að styrkja skóla í aga- og hegðunarmálum. Iðjuþjálfari og þroskaþjálfari skólans voru leiðtogar Dalvíkurskóla. Verkefninu lauk í október með málþingi á Akureyri.
- Áfram unnið var að innleiðingu á nýjum persónuverndarlögum og persónuverndarstefnu Dalvíkurskóla.

Þróunar/stýrihópar skipaðir starfsfólki sem voru starfandi skólaárið 2019 - 2020:

- Einneltisteymi
- Umhverfisnefnd (Grænfánanefnd)
- Útstillingar-og skreytinganefnd
- Stýrihópur um læsi
- Stærðfræðileiðtogateymi



- Stýrihópur um innra mat skólans og símenntun
- Fagráð/innra mat

Samantekt og ábendingar

Markmiðið með hópa- og nefndarfundum er að halda utan um viss verkefni sem skólinn er að vinna að og vill efla. Það er misjafnt hvað hópar og nefndir funda oft á skólaárinu og fer það eftir eðli verkefna sem hópar eru að vinna að. Fagráð og eineltisteymi funda hálfsmánaðarlega en aðrir hópar eftir fundarskipulagi skólans.

Fagráð/Innra mat: Hópurinn hefur m.a. yfirfarið spurningar vegna foreldrakönnunar og les yfir innramatsskýrslu sem skólanum ber að skila á hverju vori.

Grænfánanefnd: Unnið var áfram að verkefnum tengdum loftslagsbreytingum og neyslu frá fyrra skólaári. Vegna óvenjulegs ástands þetta skólaárið, óveður og covid -19, héldu áætlanir grænfánanefndarinnar illa. Til stóð að flagga Grænfánanum í ár en tekin var ákvörðun um að fresta flögguninni um eitt ár og verður fánanum því flaggað vorið 2021. Námsefnið *Hreint haf* á vegum Landverndar og *Maður og náttúra* með áherslu á umhverfismálin og loftlagsbreytingar var tekið fyrir í 7. og 9. bekk en 7. bekkur gróðursetti einnig plöntur í skógarreit með starfsmanni Dalvíkurbyggðar.

Vonast er til að halda áfram samstarfi milli nokkurra bekkja á unglíngastigi og Rauða kross búðarinnar á Dalvík þrátt fyrir að lítið hafi verið af því þennan veturinn.

Útstillingar- og skreytinganefnd sér um að koma verkefnum nemenda haganlega fyrir í sameiginlegum rýmum skólans og skipta þeim reglulega út.

Fagráð: Ráðið fer yfir niðurstöður kannana s.s. Skólapúlsinn, Lesferil og fleiri og leggur til umbætur ef þeirra er þörf. Þá ræðir ráðið þörf fyrir starfsþróun kennara og leggur til hvort og þá hvaða styrki skal sækja um. Fagráð fer yfir skóladagatal og tekur þátt í að móta starfsþróunaráætlun skólans.

Stærðfræðileiðtogaverkefni: Leiðtogar skólans eru þær Lilja Bára Kristjánsdóttir og Magnea Kristín Helgadóttir. Lilja Bára var leiðtogi miðstigs 5.-7. bekk og var skólinn á seinna ári í innleiðingarferlinu. Magnea sá hins vegar um innleiðingu fyrir 1.-4. bekkjar kennarana en þar er skólinn á fyrra ári innleiðingar. Verkefnið snýr að því að efla samræður nemenda um stærðfræðitengd verkefni m.a. ræða lausnir á opnum verkefnum.



Læsissteymi: Vinnur að því að framfylgja læsisstefnu skólans m.a. með því að minna á lestrarspretti og koma með hugmyndir um lestrarátök. Þá tóku kennarar í 1.-6. bekk þátt í Byrjendalæsismiðjum ásamt fleiri skólum í Eyjafirði. Kennarar fengu m.a. kynningu á hvernig efla megri ritun í Byrjendalæsi og kennarar sögðu frá góðum og gagnlegum aðferðum sem nýta má í Byrjendalæsinu. Farið var í skólaheimsókn í Síðuskóla á Akureyri þar sem kennarar fengu m.a. kynningu á hvernig unnið er með Byrjendalæsi í 1.-3. bekk og kynningu á bókasafninu um skemmtilegt lestrarátak sem gengur út á að nemendur lesa tiltekin fjölda af bókum úr mismunandi flokkum s.s. ævintýri, bók eftir íslenskan höfund o.s.frv. Þá var hrint í framkvæmd hugmynd um léttlestrarkassa í 1.-3. bekk í stað lestrarkompunnar. Í lestrarkössunum er bókum stigskipt eftir þyngd og nemendur geta valið sér bók úr viðeigandi kassa. Í janúar var hugmynd um læsisátak sem við kynntumst í Síðuskóla hrint í framkvæmt og tókst einstaklega vel sem endaði á bókahátíð þar sem skemmtilegar sögur voru lesnar upphátt fyrir nemendur.

Eineltisteymi: Hlutverk teymisins er annars vegar fræðsla til nemenda, foreldra og starfsmanna og hins vegar að vinna í eineltismálum sem upp koma. Teymið kynnti eineltishringinn í öllum bekkjum í haust og var með fræðslu. Bekkjafundir eru í öllum bekkjum sem hluti af lífsleikni og er þar m.a. unnið markvisst gegn einelti og vanlíðan nemenda. Þá hafa fjölmargir kennarar farið á krakka- og/eða unglingsþjallsnámskeið og nýta það efni til kennslu í nokkrum bekkjum. Alþjóðlegur baráttudagur gegn einelti er 8. nóvember ár hvert og skipuleggur teymið uppbrot þennan dag til að minna nemendur og starfsfólk á góð samskipti og að allir leggist á eitt til að sporna gegn einelti. Í ár unnu eldri og yngri nemendur að verkefnum þvert á bekki, spiluðu, teiknu og áttu saman gæða samverustund. Í desember ár hvert leggur teymið fyrir eineltiskönnun Olweusar í 4.-10. bekk og sýna niðurstöður aukningu á einelti um 5%. Um 19% nemenda segjast hafa orðið fyrir einelti og því samhliða má sjá 7,8% aukningu í því að nemendur taki ekki afstöðu gegn einelti þar sem 17,8% nemenda neita ekki þegar þeir eru spurðir hvort þeir geti hugsað sér að taka þátt í að leggja aðra í einelti. Neteinelti hefur aukist um 10,4% á milli ára, úr 5% í 15,4%.



Markmið og tilgangur mats á skólastarfi

Markmiðið með mati er að bæta og ígrunda skólastarf. Gagna í innra mati er aflað í daglegu starfi þar sem að kennarar, stjórnendur og starfsmenn afla gagna um nám, kennslu og velferð nemenda. Matið nær til allra þátta starfsins. Matið gerir skólum kleift að kynnast starfi sínu vel og að finna bestu leiðirnar til umbóta fyrir nemendur. Í innra mati er unnið út frá eftirfarandi spurningum:

- Hversu vel stöndum við okkur ?
- Hvernig vitum við það ?
- Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta ?
- Hvað þurfum við að gera til að ná betri árangri ?

Yfirumsjón með innra mati á skólastarfi skólárið 2019 – 2020 hefur verið í höndum fagráðs/innra matsteymi Dalvíkurskóla. Það skipa Ása Fönn Friðbjarnardóttir, Klemenz Bjarki Gunnarsson, Elsa Austfjörð, Friðrik Arnarson skólastjóri og Gísli Bjarnason sviðstjóri fræðslumála. Hlutverk teymis er að skipuleggja matið og ber ábyrgð á framkvæmd þess, allt frá skipulagningu til eftirfylgni við umbætur, í samráði við skólastjóra. Nefndin hefur farið yfir umbótaáætlun síðasta árs og skoðað það hvaða þættir það væru sem höfðu komist til framkvæmda á síðasta skólaári og hvaða þættir það væru sem komust ekki til framkvæmda og þeir þættir settir inn í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2020 – 2021. Ekki náðist að vinna eftir þessari áætlun þetta skólaárið vegna Covid19.

Aðferðir og framkvæmd matsins

Þær leiðir sem voru farnar til að afla gagna voru mismunandi. Lagðir voru spurningalistar fyrir foreldra og starfsfólk í samvinnu við Fræðsluvið Dalvíkurbyggðar. Olweusarkönnun sem er eineltiskönnun er lögð árlega fyrir nemendur í 4.-10. bekk. Kennsluáætlanir eru rýndar og skoðaðar af stjórnendum og hafa þær verið í þróun síðustu ár. Í öllum bekkjum Dalvíkurskóla eru tekin stöðluð lestrarpróf frá Menntamálastofnun, Lesferill, og er það hluti af mati skólans. Skólinn er með tvo samráðsdaga heimilis og skóla á hverju skólaári og eftir þessa daga þurfa umsjónarkennarar að koma skriflegum upplýsingum til stjórnenda ef einhverjar athugasemdir hafa komið fram í viðtölum. Á hverju skólaári hefur skólinn haft sérstakan matsdag þar sem að starfsfólki gefst tækifæri á segja hvað gengur vel í skólastarfi og hvað gengur illa, punktar skráðir niður og notaðir í úrbótaáætlun sem innra matsnefndin vinnur. Vegna Covid 19 var ekki hægt að koma því við en í stað þess voru lagðar áherslur á að meta hvernig gekk með nýju skipulagi á Covid tímanum. Gera þurfti miklar breytingar á skipulagi kennslunnar og voru vordagarnir nýttir til að meta hvað gekk vel, hvað af breytingunum má nýta áfram og hvað hefði getað gengið betur.



Dalvíkurskóli er aðili að Skólapúlsinum en hann mælir virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsu og skóla- og bekkjaranda. Innan hvers þáttar eru mældir fimm til átta undirþættir. Tvær mælingar eru gerðar á skólaárinu, í október og apríl. Vegna Covid 19 var fyrri mælingin einungis tekin og er borin saman við fyrri ár. Samræmd próf eru í 4., 7., og 9. bekk og úrvinnsla úr þeim er unnin samkvæmt sérstöku vinnuferli og úrbætur settar fram til að styðja frekar við hvern og einn einstakling. Annað námsmat er framkvæmt af kennurum Dalvíkurskóla og eru upplýsingar um námslega stöðu sendar heim tvisvar yfir skólaárið. Mat á lykilhæfni hefur nú farið fram í öllum árgöngum skólans. Skipulagðir teymisfundir eru vikulega þar sem að teymin taka fyrir vissa umræðupunkta sem koma frá stjórnendum og niðurstöður af fundinum er skráðar í fundargerð sem er hluti af mati skólans. Kennurum er gert að skila inn til stjórnenda hvernig starfsþróun þeirra er háttað á hverju skólaári. Námsnefnd var skipuð átta nemendum úr 7.-10. bekk, stelpu og strák úr hverjum árgangi, tveimur kennurum úr unglingsdeild og skólastjóra sem stýrði fundum, fundað var fjórum sinnum á þessu skólaári. Nemendur sem sátu í nefndinni fengu tíma á bekkjarfundum/lífsleiknitímum til að ræða við aðra nemendur og fá umræðupunkta til að ræða inn í námsnefnd. Skólastjóri hefur farið á bekkjarfundi hjá nokkrum bekkjum í skólanum og hefur það skilað punktum til að bæta skólastarf.



Niðurstöður innra mats og umbætur

Foreldrakönnun



= Nær matsviðmiðum

= Nær **ekki** matsviðmiðum Bláar tölur sýna niðurstöðu skólaárið 2018-2019 til samanburðar.Rafræn foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra viku fyrir samráðsdag og á samráðsdaginn sjálfan. Svörun á könnun var um **77%**.

Foreldrar/forráðmenn svar spurningum er snúa að hverjum nemenda fyrir sig. Niðurstöður könnunar:

Matsspurning	Sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Ósammála	Niðurstaða (sammála/fr ekar sammála)	Matsviðmið	Jákvætt/ Neikvætt	Athugasemdir
Barninu mínu líður vel í skólanum	58,75 % 59,20 %	29,38 % 37,36 %	8,75 % 2,87 %	3,13 % 0,57 %	88,13 % 96,56 %	95%		
Ég er ánægð/ur með skólann	53,42 % 53,14 %	41,61 % 43,43 %	4,35 % 3,43 %	0,62 % 0,00 %	95,03 % 96,57 %	95%		
Ég er ánægð/ur með magn upplýsinga frá kennurum barnsins míns	61,49 % 65,14 %	34,16 % 29,14 %	3,11 % 4,57 %	1,24 % 1,14 %	95,65 % 94,28 %	90%		
Ég tel að trúnaður ríki meðal starfsfólks	56,47 %	39,41 %	3,53 %	0,59 %	95,88 %	95%		Ekki spurt um í ár
Ég er ánægð/ur með matinn sem barnið mitt fær að borða í skólanum	49,07 % 45,40 %	39,13 % 42,53 %	4,97 % 6,90 %	1,86 % 2,30 %	88,2 % 87,93 %	75%		Börn með nesti 4,35 % -2020 Börn með nesti 2,87 % - 2019
Mér finnst gott að leita til skólastjórnenda	57,23 % 55,81 %	22,01 % 20,93 %	3,14 % 2,33 %	1,89 % 2,33 %	79,24 % 76,74 %	70%		Hef aldrei þurft þess 15,72 % Hef aldrei þurft þess 18,60 %



Ég hef kynnt mér skólanámskrá Dalvíkurskóla	37,97 % 44,19 %	28,48 % 28,49 %	19,62 % 15,70 %	14,56% 11,63 %	66,45 % 72,68 %	70%		
Ég hef kynnt mér kennsluáætlanir barnsins míns	34,81 % 36,84 %	36,08 % 28,65 %	16,46 % 16,37 %	12,66 % 18,13 %	70,89 % 65,49 %	70 %		
Ég les bréf og tilkynningar frá skólanum	Alltaf 74,71 %	Oftast 23,56 %	Sjaldan 1,72%	Aldrei 0	Alltaf/oftast 98,27 %	95%		Hefur ekki verið áður Spurningu breytt í ár
Ég tel að skólinn veiti nægar upplýsingar um náms – og þroskastöðu barnsins míns	54,78 % 56,98 %	35,03 % 37,21 %	8,92 % 4,07 %	1,27 % 1,74%	89,81 % 94,19 %	93%		
Ég tel samráðsfundi (foreldrafundi) mikilvæga	81,13 % 78,49 %	13,84 % 16,28 %	3,77 % 4,65 %	1,26 % 0,58 %	94,97 % 94,77%	90 %		Árið 1019 var spurningin:Ég tel samráðsfundi (foreldrafundi) markvissa og árangursríka
Ég er ánægð/ur með starf umsjónarkennara barnsins míns.	77,36 % 85,38%	19,50 % 12,87%	3,14 % 1,75%	0,00% 0,00%	96,86 % 98,25 %	95%		
Ég er ánægð/ur með aðra kennara sem kenna barninu mínu í skólanum	56,96 % 61,76 %	41,14 % 35,29 %	1,27 % 2,94%	0,63 % 0,00 %	98,1 % 97,05 %	95%		
Barnið mitt sýnir náminu áhuga og gerir sitt besta	57,60%	37,60 %	4,80%	0,00 %	95,20 %	90%		Ekki spurt um í ár
Mér finnst barnið mitt hafa metnað fyrir námi	44,65 % 42,74 %	38,36 % 46,77%	13,84 % 10,48 %	2,52 % 0,00 %	83,01 % 89,51%	90%		



Veist þú til þess að barnið þitt hafi lagt aðra í einelti á þessu skólaári ?	Já 4,46 % 1,60 %	Nei 95,54 % 98,40 %				100% 		
Ég tel að barnið mitt hafi orðið fyrir einelti á þessu skólaári.	Já 12,10 % 10,40 %	Nei 61,15 % 48,00 %	Ekki svo ég v. 26,75 % 41,60 %			5% 		Var 2019: Barnið mitt hefur orðið fyrir einelti á þessu skólaári
Þegar barnið mitt var lagt í einelti lét ég eftirfarandi starfsfólk vita	Umsj.k 62,50 % 57,14 %	Eineltisteymi 4,17 % 14,29 %	Stjórnendur 20,83 % 21,43 %	Ég lét ekki v. 12,50 % 7,14 %				Neikvætt að fleiri láta ekki vita
Starfsfólk skólans tekur á eineltismálum	Sammála 39,17 % 27,83 %	F. samm 30,83 % 42,61 %	F.ósammála 5,83 % 6,09 %	Ósammála 5,00 % 0,87 %	70,0 % 70,44 %	95% 		Hef ekki skoðun 19,17 % 22,61 %
Ég er ánægð/ur með fyrirkomulag á heimalestri barnsins míns	66,24 % 70,40 %	24,20 % 23,20 %	7,64 % 5,60 %	1,91 % 1,60 %	90,24 % 93,60 %	90 % 		Hefur ekki verið áður
Ég les	Bréf og tilkynningar frá umsjónark 87,65 % 84,38 %	Fréttir og tilkynningar 61,73 %	Tölvupóst frá skólanum 83,33 %			95 % 		Breytt spurning í ár. Í fyrra (2019) var einungis spurt um bréf og tilk. frá umsjónarkenn.
Ég fylgist með námi barnsins míns með/ í	Mentor appinu 86,08 %	Heimanámi barnsins 63,92 %	Samræðum við barnið 82,26 %	Samskiptum við kennara 43,67 %				Ný spurning
Ég næ að nýta vetrarleyfisfisdaga í samveru með fjölskyldu	Sammála 32,00 %	F. Sammála 20,00 %	F. ósammála 20,80 %	Ósammála 27,20 %	52%	50% 		Ekki spurt um í ár

**Samantekt og ábendingar**

Í athugasemdum sem foreldrar gerðu töldu þeir að mikil styrkleiki skólans fælist í mannauðnum sem væri starfandi við skólann. Töluverður hópur telur að stærð skólans (lítil skóli) og nánd við samfélagið vera styrkleika. Þá nefna þó nokkrir metnað og vilja til að gera vel, fjölbreytta kennsluhætti og góð samskipti. Sem veikleika þá voru nokkrir sem nefndu að taka þyrfti betur á agamálum. Eins kom fram að stundum væri upplýsingaflæði ábótavant t.d. dagana þegar rafmagnið fór. Það komu nokkrar athugasemdir varðandi einstaka kennara og eru þær athugasemdir ræddar í starfsþróunarsamtölum hvers kennara. Það eru fleiri foreldrar nú en áður sem telja að barnið sitt verði fyrir einelti sem er neikvætt. Þá komu fram óskir um aukið foreldrasamstarf. Heilt yfir þá kemur könnunin mjög vel út og mun fleiri jákvæðar ábendingar bárust en neikvæðar, en auðvitað er það alltaf þannig að við getum gert betur og þannig er skólastarf í hnotskurn.

Umbótaáætlun

Matsþáttur undir viðmiðum	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Barnið mitt hefur orðið fyrir einelti á þessu skólaári	Að sporna við einelti	Skýra betur út hvað er átt við þegar um einelti er að ræða.	Á bekkjarfundum Skólaárið 2020 - 2021	Umsjónarkennarar	Foreldrakönnun á samráðsdegi í febrúar.	Helst viljum við losna við Einelti úr skólanum
Þegar barnið mitt var lagt í einelti lét ég eftirfarandi starfsfólk vita	Að eineltismál fari í réttan farveg	Fara yfir þá verkferla ef starfsmaður fær upplýsingar um eineltismál	Haust 2020	Skólastjórnendur	Foreldrakönnun á samráðsdegi í febrúar.	Að eineltismál fari í réttan farveg
Ég hef kynnt mér kennsluáætlanir barnsins míns	Að bæta aðgengi foreldra af kennsluáætlunum	Upplýsa foreldra betur með aðgengi þeirra að kennsluáætlunum	Skólaár 2020 - 2021	Umsjónarkennarar	Foreldrakönnun á samráðsdegi	Að minnst 70% foreldra hafi kynnt sér kennsluáætlanir barnsins síns



Starfsmannakönnun



= Nær matsviðmiðum

= Nær **ekki** matsviðmiðum

Bláar tölur sýna niðurstöðu skólaárið 2018-2019 til samanburðar

Rafræn starfsmannakönnun var lögð fyrir í byrjun maí og svarhlutfall var **88%** eða **38** starfsmenn.

Matsspurning	Sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Ósammála	Niðurstaða (sammála/fr ekar sammála)	Matsviðmið	Jákvætt/ Neikvætt	Athugasemdir
Mér líður vel í vinnunni	55,3% 59,5 %	39,5% 35,7%	2,6% 4,8%	2,6% 0%	94,8% 95,2%	100%	=	
Ég er stolt/ur af vinnustaðnum mínum	61,90 %	35,71 %	2,38%	0%	97,61%	97%		Ekki spurt um í ár.
Mér finnst jákvæðni ríkja í starfsmanna - hópnum	24,3% 43,9%	64,9% 48,8%	10,8% 7,3%	0% 0%	89,2% 92,7%	97%		
Ég tel að álag í starfi mínu sé hæfilegt þegar á heildina er litið	21,6% 40,5%	51,4% 47,6%	13,5% 9,5%	13,5% 2,4%	73% 88,1%	90%		
Ég sé mig áfram í starfi á þessum vinnustað eftir 3 ár	52,6% 42,9%	39,5% 52,4%	7,9% 4,8%	0% 0%	92,1% 95,3%	90%		
Á síðustu 12 mánuðum hef ég orðið fyrir	Einelti 0 % 0 %	Kynnferði slegri áreitni 0 % 0 %	Fordómum 0 % 0%	Engu af þessu 100 % 100%		100%		



eftirfarandi á vinnustað									
Vinnustaður minn leggur áherslu á gæði í starfi og þjónustu	65,8% 46,3%	31,6% 48,8%	2,6% 4,9%	0 % 0 %	97,4% 95,1%	97% 			
Ég leitast við að starfa í anda gilda Dalvíkurbyggðar	Já 97,4% 85,7%	Nei 0% 4,8%	Þekki ekki gildin 2,6% 9,5%		97,4% 85,7%	95% 		Var 2019: ...gilda Fræðslu- og menningarsviðs	
Mér finnst gott að leita til yfirmanns minnar stofnunar	71,4% 61,9%	25,7% 38,1%	0% 0%	2,9% 0%	97,1% 100 %	95% 	=		
Ég hef farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 18 mánuði	Já 97,1% 90,5%	Nei 2,9% 9,5%			97,1% 90,5%	100% 			
Á mínum vinnustað eru vinnuaðstæður góðar	31,4%	48,6%	5,7%	5,7%				Ný spurninga	
Mér finnst stjórnendur minnar stofnunar ýta undir faglegt frumkvæði	36,59 %	60,98 %	2,44 %	0,00%	97,57%	95%		Ekki spurt um í ár.	
Mér finnst upplýsingaflæðið í stofnuinni minni gott	26,19 %	69,05 %	4,76 %	0 %	95,24%	95%		Ekki spurt um í ár.	
Á mínum vinnustað er lögð áhersla á að starfsmenn miðli þekkingu sín á milli	57,14 %	38,10 %	4,76 %	0,00%	95,24 %	95%		Ekki spurt um í ár.	



Dalvíkurskóli

Þekking og færni – Virðing og vellíðan

2019 - 2020

Ég held skrá yfir sí – og endurmenntun mína	Já 65,00 %	Nei 35,00 %			65,00 %	100%		Ekki spurt um í ár.
Mér finnst ganga vel að vinna með einstök agamál í skólanum	23,08 %	56,41 %	20,51 %	0,00 %	79,49 %	85%		Ekki spurt um í ár.
Ég starfa eftir stefnu skólans um þjónustu við börn með sérþarfir	Já 76,32 %	Nei 7,89 %	Hef ekki kynnt mér hana 2,63 %	Á ekki við fyrir mig 13,16 %	76,32 %	100%		Ekki spurt um í ár.

Samantekt og ábendingar

Starfsmannakönnunin var lögð fyrir í maí en hefð er fyrir því að hún sé lögð fyrir á tímabilinu mars til apríl. Könnunin var með öðru sniði í ár. Dalvíkurskóli hefur lagt sérstaka könnun fyrir starfsfólk en í ár var sama könnun lögð fyrir allt starfsfólk Dalvíkurbyggðar.

Almennt kemur könnunin vel út en niðurstöður sýna að álag hefur aukist í vetur vegna óvenjulegs ástands og nemendamála, jákvæðni í starfsmannahópnum hefur minnkað lítillega.



Umbótaáætlun

Umbótapáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Aga- og hegðunarmál	Minnka álag vegna aga og hegðunar hjá nemendum	Fylgja betur eftir að nemendur fari eftir þeim bekkjarsáttmála sem gerður er í hverjum bekk samkvæmt Uppbyggingarstefnunni	Skólaár 2020 - 2021	Kennarar	Starfsmannakönnun um vorið 2021.	Minnkun á álagi vegna aga- og hegðunarmála
Aga- og hegðunarmál	Minnka álag vegna aga og hegðunar hjá nemendum	Stjórnendur meira sýnilegri og styðjandi við kennara í kennslu	Skólaár 2020 - 2021	Skólastjórnendur	Starfsmannakönnun um vorið 2021.	Minnkun á álagi vegna aga- og hegðunarmála. Vinnufriður í kennslu betri
Rifja upp og kynna þær stefnuþlög skólans	Auka vitund starfsfólks um stefnur sem skólanum er ætlað að vinna eftir.	Setja stefnur inn í teymi til kynningar og umræðna.	Skólaár 2020 – 2021	Skólastjórnendur	Starfsmannakönnun um vorið 2021.	Að 95% starfsmanna þekki þær stefnur sem er verið að vinna eftir
Metnaður nemenda	Að auka metnað nemenda í námi	Að nemendur setji sér markmið á mið- og unglíngastigi	Skólaár 2020 - 2021	Kennarar	Starfsmannakönnun um vorið 2020	Finna fyrir auknum metnaði í námi



Námsmat/leiðsagnarmat	Taka upp hæfnikort við námsmat	Innleiða námsmat í gegnum Mentor.	Haust 2020	Stjórnendur og kennarar	Námsmat um áramót	Að umsagnir verði samræmdar á öllum stigum
Álag í starfi og starfsánægja	Minnka álag og auka starfsánægju	Innleiðing teymiskennslu og sameiginlegrar ábyrgðar á nemendum og foreldrastarfi. Tryggja stuðning stjórnenda í erfiðum agamálum. Auka samveru starfsmanna utan vinnutíma.	Skólaár 2020 - 2021	Stjórnendur	Vorið 2021	Aukin starfsánægja og minna álag í starfi

Skólapúlsinn

Mælingar Skólapúlsins eru gerðar tvisvar yfir skólaárið, í október og apríl. Vegna Covid 19 var apríl mælingin ekki gerð. Mælingar skólaársins 2015-16 sýndu niðursveiflu í flestum matsþáttum könnunarinnar, niðurstöður 2016-17 sýndu aðeins jákvæðari niðurstöður. Skólaárið 2017-18 stigu mælitölur áfram upp á við og skólaárið 2018-19 rokkðu mælitölur upp og niður eftir mæliþáttum. Ekki miklar sveiflur eru á mælingu skólaársins 2019-2020 og eru niðurstöður með svipuðum hætti, þó jákvæðari en skólaárið áður. Skólinn hækkaði í öllum þáttum sem tengjast virkni en er áfram örlítið undir landsmeðaltali þar ásamt líðan. Þegar horft er til skólabrags og bekkjaranda er skólinn fyrir landsmeðaltals í flestum matsþáttunum. Hér á eftir verður farið yfir helstu niðurstöður og eru þær flokkaðar í þrennt, virkni, líðan og heilsu og skóla- og bekkjaranda, ásamt því að bera saman niðurstöður síðustu tveggja ára þar á undan. Breyting frá fyrri mælingu og munur á gildi skólans miðað við landsmeðaltal eru tilgreind með lituðum stöfum, **rauðum ef samanburðurinn er neikvæður** en **grænum ef hann er jákvæður**. 0,5 stig telst ekki mikill munur, 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

**Virkni nemenda í skólanum**

Allir matsþættir á virkni nemenda í skólanum sýna jákvæða breytingu milli ára. Allir matsþættir mælast nánast á landsmeðaltali, þó örlítið undir.

Ánægja af lestri hefur aukist um 0,5 stig á milli ára og er nú sambærileg landsmeðaltali. Í gagnasafninu má greina lítinn mun á milli árganga og kynja, þó er ánægjan meiri hjá 6. og 9. bekk en öðrum árgöngum.

Töluverður munur er á milli drengja og stúlkna, drengjum í óhag. Líkt og fyrri ár hafa allir nemendur skólans verið með heimalestrarmiða til að halda utan um heimalestur. Mánaðarlega fá foreldrar upplýsingar um hvernig heimalestri er sinnt og er hann einnig hluti af vitnisburði.

Velheppnað lestrarátak var á haustdögum og má draga þá ályktun að átakið ásamt aukinni áherslu á heimalestri og eftirfylgni hafi jákvæð áhrif á ánægju af lestri.

Þrautsegja í námi hefur aukist á milli ára um 0,5 stig og er 0,2 stigum undir landsmeðaltali. Þrautsegja hefur aukist í öllum árgöngum en mælist þó 0,6 stigum minni hjá drengjum en stúlkum. Munurinn var 0,7 stig á síðasta skólaári.

Áhugi á stærðfræði og ánægja af náttúrufræði hefur aukist á milli ára líkt og á síðasta skólaári en enn er Dalvíkurskóli 0,3 stigum undir landsmeðaltali í stærðfræðinni og 0,2 stigum undir í náttúrufræði.

Þættirnir trú á eigin vinnubrögðum í námi og trú á eigin námsgetu mælast hærri í ár frá fyrra skólaári. Seinni þátturinn sýnir mikinn jákvæðan mun eða 0,7 stigum hærri nú í ár og er því einungis 0,1 stigi frá landsmeðaltali. Líkt og fyrri ár hafa drengir minni trú á eigin vinnubrögðum og námsgetu en stúlkur.

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,7	46	0,5	4,7	14.969	0,0
1.2. Þrautsegja í námi	4,6	46	0,5	4,8	15.011	-0,2
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,7	46	0,2	5,0	15.274	-0,3
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,6	46	0,4	4,8	15.270	-0,2
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,6	46	0,1	4,8	15.026	-0,2
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,6	46	0,7	4,7	15.263	-0,1



Líðan og heilsa

Sjálfsálit nemenda stendur nánast í stað á milli ára. Sem fyrr hafa stúlkur minna sjálfsálit en drengir og munar þar 0,5 stigum.

Matsþátturinn stjórn á eigin lífi mælir hvort nemendur treysti sér og geti leyst vandamál sem upp koma í lífinu hefur lækkað um 0,2 stig og er kynjamunur eins á milli ára eða 1,3 stig stúlkum í óhag sem telst mikill munur. Jákvætt er að segja af vellíðan en þar mældist breyting upp á 0,1 stig til hins betra sem er 0,2 stigum frá landsmeðaltali. Enginn munur er á milli kynjanna í ár ólíkt fyrra ári þar sem munaði 0,5 stigum stúlkum í óhag.

Samkvæmt mælingu ársins hefur tíðni eineltis aukist mikið á meðan einelti hefur aukist um 0,2 stig og er 0,5 stigum frá landsmeðaltali.

Helstu staðir eineltis sem nemendur tilgreina eru á netinu og í frímínútum. Tíðni neteineltis mælist 30% meira í Dalvíkurskóla en á landinu öllu.

Tíðni hreyfingar er langt yfir landsmeðaltali og mælist 21,1% betur. Hollt matarræði er 0,3 stigum yfir landsmeðaltali og er 0,4 stigum jákvæð breyting milli ára. Á síðasta skólaári kom fram að stúlkur borði hollari mat en drengir og nemendur í elstu árgöngunum borða óhollari mat en yngri nemendur. Í ár snýst það við því drengir borða almennt hollari mat en stúlkur og 6. og 10. bekkur borða almennt hollari mat. Almennt sýna niðurstöður um bættu líðan, aukna tíðni hreyfingar og hollt matarræði. Mikilvægt er að huga vel að þessum þáttum, fylgjast vel með breytingum hjá hverjum árgangi, enda er góð líðan ein af forsendum þess að skapa góðar námsaðstæður og að nám eigi sér stað.

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,2	46	-0,1	4,5	14.993	-0,3
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,2	46	-0,2	4,6	14.973	-0,4
2.3. Vellíðan	4,4	46	0,1	4,6	15.203	-0,2
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	13	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,9	46	0,2	5,4	15.178	0,5*
2.6. Tíðni eineltis	28,3%	13 _{/46}	14,0%	12,5%	1915 _{/15123}	15,8%*
2.7. Staðir eineltis	-	12	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	66,7%	30 _{/45}	6,7%	45,6%	6657 _{/14780}	21,1%*
2.9. Hollt matarræði	5,0	46	0,4	4,7	14.912	0,3



Skóla- og bekkjarandi

Engin breyting er á mælingum milli ára á samsömun við nemendahópinn og er heldur enginn munur við landsmeðaltalið. Nánast enginn munur er á milli kynjanna og en alltaf er einhver munur á milli árganga. Líkt og á síðasta skólaári mælist samband við kennara 0,3 yfir landsmeðaltali og kemur fram mikill kynjamunur frá síðustu mælingu, úr engum mun á milli kynja í 0,9 stigum stúlkum í hag. Mælingar á aga í tímum hefur tekið breytingum um 0,5 stig og eru 0,4 stigum fyrir neðan landsmeðalta. Mikill kynjamunur er á svörum þar sem svör drengja er 0,6 stigum undir svörum stúlkna.

Í gegnum árin hefur virk þátttaka nemenda Dalvíkurskóla sem og tíðni leiðsagnarmats kennara verið marktækt meiri en á landinu og hafa verið eitt af einkennum skólans. Þrátt fyrir að mælingin um virkni sýni 0,1 stigi lægra frá því í fyrra þá er skólinn enn að mælast 0,3 stigum fyrir ofan landsmeðaltal og 0,4 stigum fyrir ofan í tíðni leiðsagnarmats. Um 83% nemenda segja kennara sína ræða við sig hvernig gangi í náminu, það sem gengur vel og illa og hvað þurfi til að ganga betur. Lítil munur er þar á svörum kynjanna.

Samantekt og ábendingar

Fram kom í skýrslu innra mats síðasta skólaárs mikilvægi þess að leggja ríka áherslu á bættu líðan nemenda Dalvíkurskóla og trú þeirra á eigin getu enda er góð líðan ein af forsendum fyrir því að nám eigi sér stað. Skólinn fékk styrk úr Endurmenntunarsjóði til að fræða starfsfólk og foreldra um kvíða og bættu líðan nemenda. Haldnir voru tveir fundir með starfsfólki og einn með foreldrum í Bergi að hausti. Margir þættir hafa áhrif á líðan hvort heldur er innan eða utan skóla. Bætt og aukið utanumhald í kringum lestur sýnir að þar má ná góðum/mælanlegum árangri og þess vegna er mikilvægt að skoða hvað hægt er að gera til að auka vellíðan og sjálfsmynd nemenda. Á undanföllum árum hefur virkni nemenda í tímum aukist og má þar þakka notkun Google Classroom sem heldur vel utan um nám nemenda og gerir kennurum auðveldara með að fylgjast með vinnu, virkni og verkefnaskilum nemenda og nemendur virðast almennt ánægðir með kerfið.

Mikilvægt er að skólasamfélagið vinni að verkefnum sem stuðla að því að bæta og styrkja nemendur sem einstaklinga og sem námsmenn og auka þar með sjálfsálit þeirra og trú á eigin getu. Samkvæmt mælingum virðist neteinelti vera færast mikið í aukana sem hefur neikvæðar afleiðingar á andlega líðan nemenda og er nauðsynlegt að grípa þar til aðgerða sem og gegn auknu einelti almennt.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,0	46	-	5,0	14.909	0,0
3.2. Samband nemenda við kennara	5,2	45	-0,2	4,9	15.134	0,3
3.3. Agi í tímum	4,5	45	-0,5	4,9	15.129	-0,4
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,4	45	-0,1	5,1	15.102	0,3
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,4	45	-	5,0	15.089	0,4



Umbótaáætlun

Umbótapáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Sjálfstraust/sjálfsmynd nemenda	Auka sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd nemenda	Að kennarar noti markvisst aðferðir sem bæta þessa þætti, s.s. krakka-/ungli.spjall, bekkjarfundi o.fl.	Skólaár 2020 - 2021	Allir kennarar	Skólapúlsinum skólaárið 2020 - 2022	Betri niðurstöður úr Skólapúlsinum
Líðan nemenda	Bæta líðan nemenda	Ýta undir jákvæðan bekkjaranda og nota aðferðir hugarfrelsis í öllum árgöngum.	Skólaár 2020 - 2021	Allir kennarar	Skólapúlsinum skólaárið 2020 - 2021	Betri niðurstöður úr Skólapúlsinum
Stress/kvíði	Auka þrautseigju nemenda og læra að skipuleggja vinnu sína.	Nýta þekkingu frá námskeiði haustið 2019 um leiðir til að vinna með kvíða	Skólaár 2020 - 2021	Allir kennarar og stuðningsfulltrúar	Skólapúlsinum skólaárið 2020 - 2021	Betri niðurstöður úr Skólapúlsinum
Einelti	Koma í veg fyrir einelti og tíðni þess	Nota bekkjarfundi og lífsleiknitíma til verkefnavinnu og umræðna um afleiðingar eineltis	Skólaár 2020 - 2021	Allt starfsfólk og stjórnendur	Skólapúlsinum, Olweusarkönnun og foreldrakönnun skólaárið 2020 - 2021	Betri niðurstöður úr Skólapúlsinum, Olweusarkönnuninni og foreldrakönnun
Neteinelti	Draga úr einelti sem á sér stað á samfélagsmiðlum, á skjá- og netheimum	Fá utankomandi fræðslu fyrir for. og nem. Vinna með foreldrum gegn neteinelti	Skólaár 2020-2021	Kennarar, stjórnendur í samvinnu við foreldra	Skólapúlsinum og Olweusarkönnun skólaárið 2020-2021	Betri niðurstöður úr Skólapúlsinum, Olweusar- og foreldrakönnun

**Samráðsdagar foreldra**

Eftir samráðsdaga foreldra skiluðu kennarar samræmdu eyðublaði til stjórnenda ef einhverjar athugasemdir komu varðandi nám og kennslu. Allir skiluðu inn eyðublöðum. Mæting foreldra í viðtölin var góð en fáein viðtöl voru tekin á öðrum dögum eða gegnum síma þegar það hentaði foreldrum betur. Það er góð þróun að fleiri foreldrar mæta nú saman með barni sínu á samráðsdag. Æskilegt væri að sú tala hækkaði á næstu árum.

Tölfræði frá samráðsdegi 11. eða 14. okt. 2019

Hver kom	Báðir foreldrar	Faðir einn	Móðir ein
Samtals 2020	41%/83	9%/20	50%/103
Samtals 2019	34%/71	11%/22	56% /118

Tölfræði frá samráðsdegi 10-11. febrúar. 2020

Hver kom	Báðir foreldrar	Faðir einn	Móðir ein
Samtals 2020	47%/94	8%/16	45%/89
Samtals 2019	45%/92	9%/18	47%/96

Samantekt og ábendingar

Allir sammála um að samráðsviðtöl hefðu gengið vel þetta skólaár og allir sammála um að þessi viðtöl eiga að snúast um næstu skref í námi hvers einstaklings og horfa til framtíðar. Nú hefur það færst í vöxt að nemendur eru að setja sér markmið með foreldrum sínum sem er mjög jákvætt og er ein leið til að auka metnað nemenda í námi. Það mætti skoða það að formgera betur þessa markmiðssetningu hjá hverjum og einum einstaklingi. Mjög jákvætt að senda slóð á foreldrakönnun viku fyrir samráðsdag þar sem að einhverjir hafa ekki tíma til að svara könnun á þeim degi, sérstaklega foreldrar sem eiga mörg börn í skóla.



Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvernig/Hvenær ?	Viðmið um árangur
Markmiðssetning nemenda	Að auka metnað nemenda í námi	Að nemendur setji sér markmið til að ná í námi	Skólaár 2019 – 2020	Kennarar	Skoðun vor 2020	Að þessi vinnubrögð verði viðhöfð í skólanum

Samræmd próf





Á skólaárinu 2019-2020 voru rafræn samræmd próf í 4. ,7. og 9. bekk. Framkvæmd á samræmdum prófum gekk mjög vel og engin tæknileg mistök hjá Menntamálastofnun þetta árið. Þegar niðurstöður lágu fyrir voru prófin greind og umbótaáætlun unnin samkvæmt áætlun um innramat.

Samantekt og ábendingar

Eftir niðurstöður samræmdra prófa var unnið eftir því vinnuferli sem búið var að ákveða og þær niðurstöður notaðar til að bæta námsárangur nemenda og styrkja þá þætti sem nemandi þarf að bæta sig í. Skólinn kom þokkalega vel út í 4. og 7. bekk. Skólinn setur sér það markmið að vera alltaf yfir meðallagi á landsvísu. Það vantar greinilega meiri stöðuleika milli árganga í samræmdum prófum í Dalvíkurskóla eins og sést á samanburðartölum hér fyrir neðan.







Dreifing raðeinkunnar





Meðaltöl 2001 – 2019





Umbótaáætlun

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvernig/Hvenær	Viðmið um árangur
Auka metnað nemenda í námi	Bæta námsárangur nemenda í Dalvíkurskóla	Nemendaspjall – Umsjónarkennurum gert kleift og gefinn tími til að ræða við nemendur um framvindu í námi.	Skólaárið 2020 - 2021	Umsjónarkennarar Skólastjórnendur	Með námsmati eftir hverja önn	Sjá meiri metnað og áhuga hjá nemendum í námi.
Samræmd próf	Að nemendur fái þjálfun í að taka rafræn próf	Að nemendur taki rafræn þjálfunarpróf á vef MMS.	Skólaár 2020-2021	Umsjónakennarar	Niðurstöður samræmdra prófa	Ná að vera yfir eða við landsmeðaltal
Samræmd próf	Bæta nám nemenda	Gera umbótaáætlun fyrir nemendur samkvæmt vinnuferli í kjölfar samræmdra prófa	Samkvæmt tímaramma sem kemur fram í verkferlum samræmdra prófa	Umsjónarkennarar, deildarstjórar og verkefnastjóri sérkennslu	Skólaár 2020 – 2021	Ná að vera yfir eða við landsmeðaltal



Kennsluáætlanir

Kennarar skila inn kennsluáætlunum til deildarstjóra eldra stigs sem sér um að koma þeim á heimasíðu skólans. Eyðublað sem er notað er samræmt af kennurum og skólastjórnendum. Þær þurfa að innhalda hæfniviðmið, kennsluhætti, verkefni/námsefni og mat á námsþætti/afurð. Stjórnendur fara yfir áætlanir og gera athugasemdir ef þurfa þykir. Með tilkomu Mentorkerfisins er hægt að tengja námsmarkmið aðalnámskrár, hæfni, við kennsluáætlanir og námsmat. Stefnt er að því að á næstu árum verði kennsluáætlanir unnar til skemmri tíma í einu þar sem horft er á námsmarkmið og hæfni sem birtist í hæfnikorti nemenda og er um leið leiðsagnarmat um nám nemenda. Áfram gildir markmiðssetning námsgreina sem birtist á heimasíðu skólans og inniheldur námsmarkmið, hæfni, sem stefnt er á á hverju námsári.

Samantekt og ábendingar

Heilt yfir hefur þetta gengið mjög vel og skil á kennsluáætlunum var góð, enn er þó eftir að vinna námsmarkmið fyrir flestar valgreinar.

Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvernig/Hvenær	Viðmið um árangur
Kennsluáætlanir	Unnar í Mentor	Teymi bera ábyrgð á að áætlanir séu unnar.	Haut 2020	Skólastjórnendur	Metið vorið 2021	Allar áætlanir verði unnar í Mentor
Kennsluáætlanir	Að bæta sýnileika áætlana	Senda upplýsingar til foreldra um það hvar hægt er að nálgast áætlanir.	Haut. 2020 og jan. 2021	Deildastjórar	Foreldrakönnun á vorönn 2021	Að minnst 70% foreldra hafi kynnt sér áætlanir.

Kennsluhættir

Í tengslum við Covid-19 var mikil umræða um kennsluhætti og hvernig skólinn getur breytt kennsluháttum. Mikill áhugi er á eldra stigi skólans að auka samvinnuverkefni og kenna námsefni í gegnum stærri verkefni, líkt og gert er á yngra stigi. Ingvar Sigurgeirsson var með námskeið um teymiskennslu 5. júní og fylgir því eftir á næsta skólaári. Með breyttum starfs- og kennsluháttum er stefnt að því að nám nemenda verði skipulagðara og markvissara.

**Samantekt og ábendingar**

Nú á síðasta skólaári þá reyndu stjórnendur verði sýnilegri í kringum nemendur í kennslu og veiti kennurum meiri stuðning í erfiðum agamálum en hægt er að gera betur í þeim málum hjá okkur. Iðjuþjálfari og þroskaþjálfu komu meira að aga- og hegðunarmálum í skólanum. Kennarar á yngsta- og miðstigi hafa verið í samstarfi við aðra skóla inn á Akureyri og HA til að styrkja sig í stærðfræðikennslu.

Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvernig/Hvenær	Viðmið um árangur
Kennsluhættir	Upplýsa nemendur með markmið kennslustundar	Gera markmið sýnileg í kennslustofum fyrir nemendur	Skólaár 2020 – 2021	Allir kennara	Skoðun stjórnenda á skólaárinu	Að nemendur verði meðvitaðri um markmið sín.
Kennsluhættir	Að námið verði fjölbreytt og áhugavert samstarf nemenda og kennara.	Að nemendur verði virkari í námi og hafi meira val um verkefni sem í boði eru.	Skólaár 2020 – 2021	Allir kennara	Skoðun stjórnenda á skólaárinu	Skoðun

Sér- og stuðningskennsla

Skólaveturinn 2019 til 2020 þurftu um 35% nemenda eða 74 nemendur einhverja aðstoð eða sérkennslu í formi einstaklingskennslu, iðjuþjálfuna, þroskaþjálfunar, aðstoð við nýbúa og/eða þjálfunar í hegðunarmótun. Þjónustan var ýmist tímabundin eða yfir allt skólaárið. Sérþörfum nemenda er mætt með mismunandi hætti, en tekið er mið af þörfum og hæfileikum hvers einstaklings, unnið er með nemandann ýmist einan eða í hópi, inni í almennri kennslustofu, á opnum svæðum eða í námsveri. Almenna reglan er sú að sérkennsla fari sem mest fram í bekkjarumhverfinu. Rík áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun og þannig leitast við að fyrirbyggja örðugleika í námi og samskiptum seinna á skólagöngunni og þar af leiðandi erum við að sinna mörgum nemendum sem ekki er greitt með frá Jöfnunarsjóði. Mikill tími og orka hefur farið síðasta skólaár í vinnu hegðunarmála og er það sífellt stækkandi partur skólastarfsins. Stór hluti af vinnu iðjuþjálfara og þroskaþjálfara skólans fer í vinnu við það að reyna að slökkva þá elda sem hegðunarvandamál eru, sem sífellt koma upp aftur og aftur. Í Dalvíkurskóla höfum við verið



að glíma við það að nemendur hafa ekki verið að skila sér í skólann og/eða mæting í skólann hafi verið ábótavant, svokölluð skólaforðun. Mismunandi ástæður liggja að baki og er skólinn að vinna í þessum málum í samráði við skólaskrifstofu og félagsþjónustu Dalvíkurbyggðar.

Samantekt og ábendingar

Sér- og stuðningskennslan hefur gengið vel í skólanum hjá okkur og má því þakka öflugum starfi stoðteymis í skólanum þar sem fagfólk skólans fundar reglulega og fer yfir sér- og stuðningsmál skólans. Stoðteymi fundar þrisvar í mánuði og fer yfir stöðuna hvort það þurfi að auka eða draga úr stuðningi. En það er nokkuð ljóst eins og áður að aga- og hegðunarmál er stór álagsþáttur í skólanum.

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvernig/Hvenær	Viðmið um árangur
Hegðunarmál	Bæta aga og hegðun hjá nemendum	Fylgja málum eftir með góðu samstarfi við nemendur og foreldra.	Skólaár 2020-2021	Deildarstjórar og skólastjóri	Starfsmannakönnun á vorönn 2021 og samráðsfundir með kennurum	Bætt hegðun nemenda
Skólaforðun	Að allir nemendur mæti í skólann	Hafa skýrar mætingareglur og viðurlög við lélegri skólasókn	Skólaár 2020 – 2021	Skólastjóri	Starfsmannakönnun á vorönn 2021	Að allir nemendur verði með góða mætingu í skólanum

Skólaþing

Innanhússþing var haldið 3. janúar og síðasta starfsdag í júní. Á skólaþingi eru kennarar að segja frá áhugaverðum verkefnum og fjölbreyttum kennsluaðferðum. Eins og hefur komið fram áður á skólaþingi þá eru viðhöfð fagleg og fjölbreytt vinnubrögð sem eiga örugglega eftir að skila bættum námárangri nemenda. Dalvíkurskóli hefur gefið sig út fyrir það að vera með fjölbreyttar kennsluaðferðir og hefur það svo sannarlega komið fram á þingunum. Innanhússþingin hafa þróast á undanförunum árum frá því að kennarar sögðu frá afrakstri verkefnavinnu í það að lýsa verkferlum, áherslum og vinnubrögðum nemenda og kennara auk þess að lýsa hvernig kennsluhættir eru notaðir til að ná markmiðum náms.

Samantekt og ábendingar

**Skólaþingi 3. janúar 2020:****Öðruvísi jóladagatal og dagur íslenskrar tungu. (7.-10. bekkur)**

Elmar, Guðríður, Matta og Klemenz sögðu frá öðruvísi jóladagatali á vegum SOS barnaþorpa. Nemendur horfðu á eina stuttmynd á dag, alls 10 myndir, um starf SOS og unnu góðverk heima sem þau fengu greitt lítillega fyrir. Alls söfnuðust um 33.000 kr. Verkefnið heppnaðist mjög vel og skapaði góðar umræður meðal barnanna.

Dagur íslenskrar tungu var á léttari nótum, unnið var þvert á bekki, skipt í hópa og hver hópur fékk eitt íslenskt lag til að vinna með á skapandi hátt og túlka textann. Afraksturinn var 15 verkefni, 12 velheppnuð en þrjú voru ekki nógu góð. Vinnan gekk vel fyrir sig og nemendur lögðu sig fram við að skila góðri vinnu.

Lestrarkrókur (1. og 2. bekkur)

Elsa og Kolbrún sögðu frá lestrarkrök sem útbúinn var og er hannaður fyrir nemendur sem lesa. Einnig var útbúin búið þar sem unnið er með stærðfræði og pósthús þar sem unnið er með ritun og skrift. Nemendur vinna ýmis konar lestrarverkefni í tengslum við þessa vinnu.

Persónur í Byrjendalæsi sem nýtast í PALS (3. og 4. bekkur)

Erna, Þórey Harpa og Jónína kynntu persónur sem hægt er að nota í lestrarkennslu og kemur úr Byrjendalæsi. Notast er við fimm persónur: Spákonan sem sáir fyrir um hvað gerast mun í textanum. Spæjarinn skoðar orð. Listamaðurinn og kúrekinn hjálpast að við að vinna með söguna. Fréttamaðurinn spyr út í uppbyggingu sögu. Hægt er að nota persónurnar á ýmsan hátt t.d. láta nemendur bregða sér í hlutverk þegar þeir velja nýja lestrarbók. Persónurnar voru nýttar í vinnu um tunglið m.a. orðavinnu, upplýsingaöflun, ljóðavinnu og ritun. Verkefnið gekk vel og persónurnar hjálpa mikið við kennslu, auðvelda útskýringar og nemendur höfðu gaman að því að bregða sér í hlutverkin. PALS kennslan varð auðveldari og gerði vinnuna áhugaverða.

Verkgreinakennarar: Samstarfsverkefni, tálguverkefni, leir o.fl.

Ásrún, Skapti, Jóhanna, Sóla og Guðný sögðu frá verkefnum sem hafa verið unnin í verkgreinum á haustönn.

**Class Dojo (5. bekkur)**

Lilja Bára sagði frá forriti sem hún hefur notað í kennslu við agastjórnun og lífsleikni. Foreldrar eru með aðgang að upplýsingum sem settar eru inn á svæðið sem bekkurinn er með, ýmist myndir sem allir geta séð eða upplýsingar um hegðun sem foreldrar geta skoðað fyrir barnið sitt.

Krakkaspjall (6. bekkur)

Margrét sagði frá því hvernig hún hefur nýtt krakkaspjall í 6. bekk. Boðið var upp á námskeið fyrir kennara á yngra stigi sem hófst í haust og lýkur síðar í vetur. Krakkaspjall er nokkurs konar bekkjarfundir þar sem nemendur æfa sig í betri samskiptum, efla innri og ytri styrkleika, efla vináttu og læra að setja sig í spor annarra (hvað hægt er að gera til að láta öðrum líða vel). Krakkaspjallinu fylgir kennsluáætlun sem farið er eftir og eitt umræðuefni/viðfangsefni tekið fyrir í hverri viku. Verkefnið er góð tenging við Hugarfrelsi og ART kennsluna.

Skólapingi 5. júní 2020:

1.-2. bekkjarteymi: Elsa og Kolla sögðu frá endurvinnslu- og sköpunarstöðvarverkefni. Umhverfismennt, endurnýting og góð tenging við grænánaverkefni Dalvíkurskóla. Hópurinn fór í fjöruna og í framhaldinu tíndu nemendurnir rusl. Nemendur skrifuðu á miða hvað þeir vildu gera úr ruslinu, skapa úr ruslinu. Voru búnir að safna rusli í nokkrar vikur. Krakkarnir skemmtu sér vel við þessa vinnu og allir fóru á fullt í að skapa. Þegar nemendurnir voru búnir að skapa t.d. flugvélar, skriðdrekur, blóm, dýr o.fl. fengu nemendurnir að flokka restina af ruslinu í fráganginum. Verkefnið tók um tvær lotur.

Þær voru einnig með leik: Rímleikur hver á... ég á....(leikur úr fjölbreyttar kennsluáðferðir)

3.-4. bekkjarteymi: Erna, Jónína og Harpa sögðu frá stöðvavinnu vetrarins. Þær skiptu í vinnusvæði eftir áramót en fyrir áramót var skipulagið með hringekjuformi. Vinnustöðvarnar voru með þeim hætti að nemendum var skipt í 4-6 hópa (eftir fjölda starfsmanna). Þessi vinna var tvisvar sinnum í viku þar sem nemendur fóru á milli vinnusvæða. Nemendur voru 30 mín á hverju svæði og markmið hvers svæðis sýnileg. Rökhugsunar og minnissvæði; spil, leikir, forrit. Spjaldtölvusvæði, þar var m.a. notað toontastic, osmo, kahoot. Fréttasvæði þar sem unnið var með ýmis dagblöð. Nemendur útbjuggu úrklippubók þar sem þeir áttu m.a. að finna samsett orð, áhugaverðar myndir og fyrirsagnir og fréttir, orð sem lýsa tilfinningum, finna orð með neikvæðum og jákvæðum merkingum. kennarinn var búinn að klippa út myndir og fyrirsagnir og nemendur áttu að velja annaðhvort og búa til frétt úr efninu. Stafsetningarsvæði, eyðufyllingar og upplestraræfingar sem ýmist kennari eða



nemendur lásu upp fyrir hvort annað. Spilasvæði, ritunarsvæði. Þetta fyrirkomulag gekk afar vel, mikil ánægja meðal nemenda og teymisins og ætlar teymið því að þróa þessa vinnu áfram, jafnvel fjölga tímum og auka fjölbreytni verkefna.

Verkgreinateymi/Guðný Ólafs. Erasmus/ EARLY: aðilar að þessu verkefni er Dalvíkurskóli fyrir Íslandshönd, Ítalíu, Finnlandi, Eistlandi, Póllandi. Markmið að stuðla að framþróun kennara í grunnskólum með því að útbúa efnisveitu á sviði róbóta og þrívíddaprentunar. Afrakstur verkefnisins verður opin og ókeypis gagnabanki með þeim róbótum sem notaðir eru til kennslu. Kennslumyndbönd verða útbúin og tilbúin til notkunar í lok október 2019. Kennsluáætlanir snúa að hönnun og forritun róbóta þar sem róbótinn verður hluti af því að kenna annað námsefni. Afrakstur verður opin vefsíða, sem verður opin fyrir frekari þróun og nýju efni frá öllum sem vilja deila sinni reynslu. Mikil vinna og mikið utanumhald er um þetta verkefni, mikið eftirlit, Guðný sendir m.a. út fréttabréf til að upplýsa um verkefnið.

4 starfsmenn Dalvíkurskóla munu sinna þessari vinnu og útbúa m.a. myndböndin sem verða birt í október. Hópurinn vinnur að verkefninu, aftar gagna og aðilar í Póllandi setja upp vefinn. Í haust verður farið til Ítalíu, svo Finnland og lokafundurinn verður hér á Íslandi.

5.-6. bekkjarteymi: Lilja Bára og Margrét sögðu frá vinnu með söguna Benjamín dúfu. Vinnusvæði þeirra er google-Drive. Þær studdust við kennsluáætlun Ingva Hrannars. Þessi vinna verður annað hvert ár og krakkarnir í blokkinni verður sögubókin á móti Benjamín dúfu hitt árið. Spurningar og verkefnavinna eftir hvern kafla. Lesskilningsverkefni, stafsetningaræfingar o.fl.. Útdráttur eftir 3-4 kafla og póstuðu á padlet vegg. Verkefnin voru líka unnin í classkick og á ýmis öpp og forrit Flipgrid, bookcreator, minecraft. Nemendurnir voru mjög virkir, duglegir og áhugasamir. Þeim fannst sérstaklega gaman að fá að fara í minecraft og þar bjuggu nemendur m.a. til sögusvið. Ábending um að minecraft er mjög sniðugt í stærðfræðivinnu t.d. með ummál og flatarmál.

7.-8. og 9.-10. bekkjarteymi: Brot af því besta sem hefur verið gert í vetur.

Dagur stærðfræðinnar: unnið í hópum þvert á bekki við að leysa þraut með egg, límband, snæri og skál. Þar sem hengja átti upp egg og koma því í skál án þess að brotna.

Guðríður sagði frá stærðfræði og öðruvísi námsmáti: í framhaldi af leiðsagnarmáti. Nemendur áttu m.a. að taka hefðbundið stæ dæmi og gera myndband og lýsa aðferðunum. Nemendur gerðu myndasögu til að lýsa því hvort þeir skilja hvernig tímabeltið virkar.

Náttúrufræði: 5.-10. bekkur horfði á þættina Hvað höfum við gert. Áhugaverðir þættir sem ákvað var að sýna hópunum og kennsluáætluninni því breytt í samræmi við það. Skilaði sér strax til nemendanna, þeir áhugasamir t.d. um eigin neyslu og fjölskyldunnar og þeir meðvitaðri um umhverfisþætti. Miklar umræður sköpuðust um loftlagsbreytingar. Vangaveltur um hvort hægt sé að kaupa þættina til að nota til frekari kennslu.



Lestarátak: Þetta árið var ákveðið að prufa eitthvað nýtt þar sem nemendur 7.-10. bekkjar áttu að taka af sér myndir við að lesa við ákveðnar aðstæður og senda kennurum. fimm myndbönd og myndum. Þessu var skilað álíka og hefðbundnum lestarmiðum.

7. bekkur og Rauði krossinn: Bekkurinn fór og aðstoðaði við flokkun á fötum og nemendur fengu kynningu á starfsemi RK í samstafi við umhverfisnefnd skólans. Þetta verður vonandi val á unglíngastigi í framtíðinni. Þetta jók umhverfisvitund bekkjarins.

Bókmenntir og fjölbreytt skil. Bæði í ensku og íslensku á unglíngastigi. Áhersla á að auka fjölbreytni skila og tækni. Klemenz gefur dæmi um hvernig nemendur skiluðu verkefni. Hver átti að velja ljóð og réðu hvernig þeir túlkuðu það (t.d. flipgríð) og skiluðu sem teiknuðu verki eða útvarpsþætti. Nemendur völdu sér höfund og áttu að segja frá honum, túlka t.d. ævi höfundarins eða verk eftir höfundinn, skila sem mynd eða teikningar. Búa til myndasögubroti á storybord, skrifa ritun og skila á classroom.

Tónar og taktur 7.-10. bekkur smíðja. Ingvi spilaði hljóðbrot sem unnið var í smíðju 7. bekkjar. Nemendur unnu m.a. á garage band og gerðu sín eigin lög. Tímarnir eru bæði verklegir þar sem nemendur fá að reyna sig á hljóðfæri og unnið á tölvur.

Umbótaáætlun

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Skólalæping	Kynna það sem við erum að gera.	Þjófna fræðsluráði, fræðslustjóra og kennsluráðgjafa að sitja skólalæping	Des. og maí á skólaárinu 2020 - 2021	Skólastjórnendur	Skoðun eftir þing	Sjá sem flesta frá Fræðsluviði og fræðsluráði

Matsdagur starfsfólks

Matsdagur starfsfólks var á dagskrá í mars en vegna Covid-19 féll hann niður. Hinsvegar voru haldnir fjardeildarfundir á Covidtímabilinu þar sem farið var yfir hvernig gengi og hvað þyrfti að breyta og bæta. Auk þess sem stjórnendur sendu út dagleg fréttabréf með upplýsingum. Almenn ánægja var meðal starfsmanna með upplýsingagjöfina og reynt var að bregðast strax við ábendingum starfsmanna um það sem betur mætti fara.



Friðrik fór yfir niðurstöður foreldrakönnunar og þar kemur fram að stór hluti foreldra telur að nemendum líði vel hjá okkur. Foreldrar eru mjög ánægðir með kennara barna sinna. Almennt er fólk ánægt og svörun er góð í könnuninni.

Samantekt og ábendingar

Það sem kom fram þegar starfsfólk settist í hring og talaði um tvö atriði sem væri jákvætt í skólastarfi og eitt atriði sem mætti bæta. Það kom mjög skýrt fram að starfsfólki líður vel í vinnunni og mikil jákvæðni er í starfsmannahópnum. Starfsfólk telur að mikil lausnarmiðun sé í gangi og mikill stuðningur við nemendur. Mikil starfsánægja, samkennd og stuðningur, allir tilbúnir að leysa mál sem koma upp og taka þátt í nýjungum og nýjum verkefnum.

Starfsfólki finnst mikið traust á milli samstarfsaðila og segjast alltaf hlakka til að koma í vinnu á hverjum morgni. Það kom ýmislegt fram sem mætti bæta og að hegðunar- og agamál væri brýnast að leysa. Það kom athugasemd varðandi frímínútna gæslu og að stundum vantaði afleysingu út þegar forföll væru. Nokkrir töluðu um það að halda uppbyggingarstefnunni meira á lofti í skólanum. Það komu athugasemdir er varðar aðbúnað starfsmanna í skólanum svo sem eins og stóla og borð á vinnusvæði. Einnig komu athugasemdir er varðar aðstöðu fyrir sér- og stuðningskennslu.

Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Frímínútnagæsla	Að passa það að alltaf verði full mannað á útivaktir	Skoða með vaktir eins og með kennslustundir þegar það vantar starfsfólk	Skólaár 2020 - 2021	Deildastjórar	Á matsdegi vor 2021	Að allar vaktir verða mannaðar þegar forföll verða.
Sér- og stuðningsmál á unglíngastigi	Að bæta sérúrræði á Unglíngastigi	Kortleggja þörf með stoðteymi skólans	Haust 2020	Skólástjórnenndur	Á matsdegi vor 2021	Að bæting verði á sérúrræðum í unglíngadeild




Aðstaða fyrir sér – og stuðningskennslu	Að bæta aðstöðu fyrir sér – og stuðningskennslu	Kortleggja aðeins hvaða stofur eru lausar sem hægt væri að nota	Haust 2020	Skólastjórnendur Verkefnastj. sér- og stuðningsk.	Á matsdegi vor 2021	Að bæta aðstöðu fyrir sér- og stuðningskennslu
Aðbúnaður fyrir starfsfólk	Að bæta aðbúnað fyrir starfsfólk	Bæta við og endurnýja skrifstofuskóla fyrir starfsfólk	Haust 2020	Skólastjóri	Á matsdegi vor 2021	Bættur aðbúnaður starfsfólks á vinnusvæði


Stöðluð lestrarpróf sem tekin eru í 1.-10. bekk Dalvíkurskóla.

Nemendur Dalvíkurskóla taka lestrarpróf frá Menntamálastofnun, og notar skólinn tilgreind lesfímiviðmið fyrir 1.-10. bekk frá þeim. Niðurstaðan er að yngri bekkir skólans sýna betri árangur en þeir sem eldri. Unnið er að því að bæta árangur eldri nemenda með því að foreldrar kvitta fyrir lestri heima. Læsi er einn af grunnþáttum menntunar og mikilvægt að ná góðri samvinnu við heimilin um að hlúa að lestrarfærni barna. Skólinn setur sér það markmið að með virkri aðstoð foreldra nái allir nemendur góðri lestrarfærni sem fyrst á skólagöngunni. Myndin hér að neðan sýnir hlutfall þeirra sem ná lestrarviðmiðum Menntamálastofnunar í hverjum árgangi.

Samantekt og ábendingar

Samkvæmt þessum niðurstöðum þá höfum við verið að taka miklum framförum í yngstu bekkjum skólans. Sérstaklega í fyrstu þremur bekkjum skólans en þeir hafa allir tekið þátt í verkefninu „Byrgjum brunninn“. Nú þarf að hlúa vel að þessum nemendum með mikilli eftirfylgni í samvinnu við heimili. Myndin fyrir neðan stóru myndina sýnir hvernig Dalvíkurskóli kemur út miðað við landsmeðaltöl.





Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Auka lesfimi og lesskilning í eldri bekkjum	Bæta lesfimi og lesskilning hjá eldri nemendum í Dalvíkurskóla	Hafa lestrartengd verkefni í öllum bóklegum fögum .	Skólaár 2020 – 2021	Kennarar	Með námsmati að vori	Að fleiri nái þeim viðmiðum sem MMS setur
Auka lesfimi og lesskilning í eldri bekkjum	Bæta lesfimi og lesskilning hjá eldri nemendum í Dalvíkurskóla	Skapa meira svigrúm fyrir kennara að geta sinnt lestri nemenda í skólanum með betri nýtingu starfsfólks	Skólaár 2020 – 2021	Skólastjórnendur og kennarar	Vor 2021 – Könnun sett inn í hvert teymi	Að kennarar ná að sinna lestri betur og að nemendur sýni árangur



Raddir nemenda

Námsnefnd var skipuð átta nemendum úr 7.-10. bekk, stelpa og strákur úr hverjum árgangi, tveimur kennurum úr unglingadeild og skólastjóra sem stýrði fundum, fundað var þrisvar sinnum á þessu skólaári. Það sem var aðalega tekið var fyrir var nám, kennsla og aðbúnaður nemenda þá sérstaklega í frímínútum. Kennarar voru viðstaddir fundi námsnefndar ásamt skólastjóra. Nemendur fengu tækifæri á bekkjarfundum eða lífsleiknitímum til að fá hugmyndir að málefnum frá öðrum nemendum er varðar nám og kennslu og aðbúnað nemenda. Í skólanum starfar einnig umhverfisnefnd þar sem hver árgangur á sinn fulltrúa. Fundir urðu færri en áætlað var vegna Covid19.

Samantekt og ábendingar

Nemendur voru heilt yfir ánægðir með skipulag á skólastarfi og kennslu.

Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Námsaðstæður og kennslurými	Að nemendur hafi áhrif á uppsetningu og útfærslu á námsumhverfinu.	Upplýsa nemendur um framvindu á hönnun og framkvæmd á Námsnefndarfundum	Skólaár 2019 - 2020	Skólastjóri	Vor 2021	Framkvæmdir
Umgengni	Að bæta umgengni nemenda í skólanum	Að nemendur beri meiri ábyrgð á umgengni og setja skýrari reglur er varðar umgengni	Haust 2020	Skólastjóri	Vor 2021	Snyrtilegri skóla

Starfsþróun kennara

Eins og áður er kennurum skylt að fylla út eyðublaði varðandi starfsþróun sína og skila inn til stjórnenda 1. júní ár hvert. Þeir kennarar sem eru með lengstan starfsaldur og eða komnir á vissan aldur þurfa að skila inn færri tímum en þeir sem eru með litla starfsreynslu og yngri, þannig að þetta getur verið misjafnt eftir kennurum. Þetta er endurmenntun sem almennt er fyrir utan skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla og er það gert í samráði við skólastjóra



Samantekt og ábendingar

Skráningarblað sem kennurum er gert að skila skólastjóra miðast við endur- og símenntun fyrir utan vinnuramma og er eins fyrir bæði. Samkvæmt upplýsingum 1. júní 2020 skiluðu 19 kennarar skólans inn greinargerð um endurmenntun fyrir skólaárið 2019-2020. Mjög misjafnt er eftir námsgreinum hversu auðvelt er að sækja sér endurmenntun. Einna erfiðast er það fyrir íþróttaskennara vegna lítils framboðs endurmenntunar á því sviði. Einnig skal hafa það í huga að skólastjóri getur í samráði við starfsmann samið um endurmenntunartíma innan vinnuramma.

Teymisfundir

Teymisfundir voru alltaf kl. 14:00 – 15:00 á þriðjudögum síðasta skólaár. Á teymisfundum þá sitja kennarar og stuðningsfulltrúar í vissum teymum og eru það aðallega umræðuefni sem koma frá stjórnendum sem eru tekin fyrir og fá teymin þau umræðuefni með fréttabréfi sem er sent út á föstudegi. Teymin skrifa fundargerðir og skila þeim inn á sameiginlegt svæði þar sem að allar fundargerðir eru aðgengilegar fyrir starfsfólk. Það er einnig þannig að teymin funda líka á öðrum tímum þar sem þau eru að skipuleggja nám og kennslu.

Samantekt og ábendingar

Allir sammála því að teymisvinna gangi vel fyrir sig og mikil ánægja með þá þróun sem hefur átt sér stað. En auðvitað er það misjafnt hvernig samstarf gengur innan teyma og hvernig skilvirkni teyma skilar sér inn í skólastarf. Skólastjórnendur hafa sett inn vangaveltur reglulega inn í teymin. Hvað mætti betur fara? Minna var gert af því í vetur vegna aðstæðna en námskeið um teymiskennslu í júní er ætlað að stuðla að frekari teymiskennslu og bættum starfs- og kennsluháttum. Mikil umræða var í teymum um skólasókn og skólaforðun, reglur um skólasókn voru svo gerðar sem unnið verður eftir í haust. Töluverð umræða var um námsmat og áherslur í því. Þetta er ekki tæmandi upptalning og var margt annað sem var tekið til umræðu til að bæta skólastarfið.

Á næsta skólaári er stefnt að því að kennsluráðgjöf verði sinnt á skipulagðan hátt í samstarfi við MSHA, að allir kennarar fái kennsluráðgjafa í heimsókn í kennslu og geti leitað til ráðgjafa um einstök mál í samstarfi við skólastjórnendur.



Umbótaáætlun

Umbótapáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Teymisvinna	Styrkja samstarfsmenningu	Að stjórnendur hitti teymi reglulega	Skólaár 2020 - 2021	Stjórnendur	Starfsmannakönnun skólaárið 2020-2021	Aukin starfsánægja
Tryggja að nægur tími sé til að sinna einstaklingsmálum og agamálum. Að kennarar fái stuðning í erfiðum málum og ráðgjöf.	Bæta nám, aga og hegðun nemenda	Hafa svigrúm í stundarskrá svo að allir í teymi nái saman. Nýta föstu teymisfundina til að leita lausna á ýmsum málum er varða nám, kennslu og hegðun nemenda sem falla undir viðkomandi teymi.	Skólaár 2020 - 2021	Skólastjórnendur	Starfsmannakönnun í vor 2021	Betri hegðun og samræmdar áherslur kennara

Öryggisþættir

Leiksvæði og leiktæki skal yfirfara og hafa eftirlit með samkvæmt reglugerð og halda athugasemdum til haga og huga að úrbótum, auk þess sem skráningar á slysum á nemendum skal haldið til haga og skrá í þar til gerðan gagnagrunn. Einnig skal halda brunaæfingu með slökkviliðsstjóra og æfa viðbrögð við jarðskjálfta. Unnið var að endurbótum á leiksvæði og öryggissvæði í kringum þau. Endurbætur voru gerðar á skólalóð og leiktækjum í kjölfar úttektar 2019. Árleg brunaæfing var að hausti og viðbrögð við jarðskjálfta rifjuð upp þegar jörð tók að skjálfa á vordögum. Rýmingaráætlun er til fyrir öll kennslurými skólans en vinna þarf áætlun um hvernig skólahúsnaðið er yfirfarið eftir að nemendur eru komnir úr húsi.



Starfsáætlun

Samkvæmt starfsáætlun skólans var áætlað að vinna að 17 verkefnum í vetur. Flest þeirra (14) voru verkefni sem unnið hefur verið að um nokkurt skeið og mikilvægt að viðhalda og eru hluti af skólastarfinu. Hér að framan hefur verið farið yfir flest þessara verkefna og lýst hvernig til tókst. Innleiðing Mentor skráningakerfisins var eitt stærsta verkefnið sem ákveðið var að fara í. Innleiðingin gekk að mestu vel en ekki náðist að taka upp leiðsagnarmat sem birtist í hæfnikortum nemenda eins og stefnt var að. Verkefnið reyndist umfangsmeira en reiknað var með og býður það næsta skólaárs sem og að færa allar kennsluáætlanir inn í kerfið með viðeigandi hæfniviðmiðum. Námskeið um bætt sjálfsmynd og líðan nemenda var gott en af ýmsum ástæðum náðist ekki að fylgja verkefninu eftir þegar leið á veturinn. Þróunarverkefnið *Gerum gott betra* sem styrkt var af Sprotasjóði heppnaðist mjög vel. Verkefninu var ætlað að styrkja skóla í aga- og hegðunarmálum með samstarfi við foreldra. Iðju- og þroskajálfi skólans leiddu verkefnið og haldin var málstefna í Hofi 9. október. Þar mátti greinilega sjá að verkefnið var vel unnið og skilaði umbótum inn í skólastarfið.

Upplýsingatækni í skólastarfi er stórt verkefni sem var vel sinnt í vetur. Hafa ber í huga að erfitt getur verið að halda í við tæknina enda er hún í stöðugri breytingu og mikilvægt að fylgjast vel með. Skólinn hefur sett sér markmið að vera í fararbroddi þegar kemur að tækni og tæknikunnáttu. Mikilvægt er að hafa svigrúm í skólastarfinu til að bregðast við tækniþróun og nýrri þekkingu. Kennarar hafa markvisst verið að afla sér þekkingar og keyptar voru 30 fartölvur (Chrombook) til nota fyrir nemendur á eldra stigi. Öll teymi hafa 10 ipada til nota en ljóst er að bæta þarf töluvert í tækjakostinn til þess að kennsla í upplýsingatækni verði enn betri.

Lokaorð

Skólastarfið var ekki með hefðbundnu sniði þetta skólaárið. Óveður og Covid-19 settu mark sitt á skólastarfið og mikið álag var á starfsfólki skólans sem stóð sig frábærlega við að leysa úr öllum þeim málum sem upp komu. Ýmislegt jákvætt kom út úr þessum vetri, t.d. lýstu kennarar yfir áhuga á að breyta starf- og kennsluháttum með aukinni teymiskennslu, að kenna hæfnimarkmið í gegnum stærri verkefni og samþættingu námsgreina. Brugðist var strax við þessum áhuga og Ingvar Sigurgeirsson fenginn til að leiða vinnu til að styrkja teymiskennslu kennara og efla starfshætti.

Áfram þarf að huga vel að líðan nemenda og taka á eineltismálum sem upp koma. Í vetur komu upp nokkur nemenda- og eineltismál sem eiga rætur að rekja til atburða sem gerast utan skóla og kom til kasta skólans að aðstoða við lausn á. Eineltisteymi skólans fékk færri tilkynningar inn á sitt borð en lesa má úr foreldrakönnun þegar foreldrar voru spurðir hvort þeir teldu barn sitt hafa orðið fyrir einelti. Mikilvægt er fyrir skólann að skerpa á vinnureglum í eineltismálum og kynna vel fyrir foreldrum.



Dalvíkurskóli

Þekking og færni – Virðing og vellíðan

2019 - 2020

Á heildina litið gekk skólastarfið vel þrátt fyrir allt og mikilvægt að nýta allt sem við lærðum í vetur til að gera góðan skóla enn betri.

Friðrik Arnarson

Skólastjóri Dalvíkurskóla